

„61. grein

Í ráðherranefndinni eiga sæti fulltrúar úr ríkisstjórn hvers lands. Í undantekningartilvikum getur embættismaður, sem til þess hefur umboð, verið fulltrúi ríkisstjórnar á fundi ráðherranefndarinnar, þó verða hverju sinni fulltrúar þriggja ríkja hið fæsta að vera ráðherrar.

Hvert ríki tilnefnir ráðherra, er með aðstoð embættismanns skal annast samræmingu norrænna samstarfsmála.

Til aðstoðar ráðherranefndinni við störf hennar eru embættismannanefndir og skrifstofa ráðherranefndarinnar.“

VI

Núverandi 57.-65. greinar verða nr. 62-70.

VII

Samkomulag þetta skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin svo skjótt sem við verður komið afhent utanríkisráðuneyti Finnlands til varðveislu.

Samkomulagið skal varðveitt í utanríkisráðuneyti Finnlands, og skal það ráðuneyti láta hverjum samningsaðila í té staðfest afrit.

Samkomulagið öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að fullgildingarskjöl allra samkomulagsaðila hafa borist.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, er til þess höfðu umboð, undirritað samkomulag þetta í Kaupmannahöfn hinn 11. mars 1974 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Sigurður Bjarnason.